



8. fundur stjórnar SSA 9. apríl 2018

Fundurinn hófst kl. 13:00 í húsnæði Austurbrúar í Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði. Boðið var upp á léttar veitingar í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir Sigrún Blöndal, Jens Garðar Helgason, Andrés Skúlason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Hákon Hansson og Margrét Guðjónsdóttir. Stefán Grímur Rafnsson var með í síma.

Sigrún Blöndal formaður stýrði fundi. Hún setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2017-2018 lögð fram til staðfestingar og samgöngunefndar SSA frá 22. mars til kynningar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 303 og 304), SSV (nr. 136), SASS (nr. 530.), SSS (729) og SSH (455). Orkunýtingarstefna SASS 2018.
- 1.3. Fundargerð 858. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. mars 2018.
- 1.4. Fundargerð 43. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins 26. febr. 2018.
- 1.5. Fundargerð 140. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 19. mars 2018.
- 1.6. Bréf frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps um fjallskilasamþykkt Múlasýslna.
- 1.7. Erindi frá stjórn Húss handanna um endurfjármögnun Sölumiðstöðvar Húss handanna.

2. Áhersluverkefni 2018

Farið yfir áhersluverkefni SSA og afgreiðslu stýrihóps stjórnarráðsins.

3. Samráðsvettvangur 2018

Tillaga um að samráðsvettvangur vegna endurskoðunar Sóknaráætlunar verði ekki kallaður saman í ár.

4. Minningarsjóður Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar.

Tillaga um að auglýsa eftir styrkjum vorið 2018.

5. Húsnæðismál

Söfnun upplýsinga um fasteignir og lóðir.

6. Svæðisskipulag

Erindi frá verkefnastjóra svæðisskipulags um að skipulagsfulltrúar sveitarfélaga verði skipulagshönnuðir.

7. Almenningsamgöngur

- 7.1. Minnisblað starfshóps vegna úttekta á almenningsamgöngum á landsbyggðinni, minnisblað samráðshóps ríkisins og sveitarfélaga og viðræður við Vegagerð ríkisins.
- 7.2. SVAust: Staða verkefnisins.

8. Brothættar byggðir – Borgarfjörður

Drög að viðaukasamningi lögð fram.

9. Erindi frá samgöngunefnd SSA

Einar Már Sigurðarson formaður samgöngunefndar SSA mætir til að ræða áskorun samgöngunefndar til stjórnar SSA frá fundi 22. febrúar 2018.

10. Önnur mál.

10.1. Dagsetning aðalfundar SSA 2018.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerð frá 7. fundi stjórnar SSA 2017-2018 var lögð fram til staðfestingar og undirritunar. Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 22. mars var lögð fram til kynningar.
- 1.2 Fundargerðir stjórnar Eyþings (nr. 303 og 304), SSV (nr. 136), SASS (nr. 530.), SSS (729) og SSH (455) voru lagðar fram til kynningar ásamt orkunýtingarstefnu SASS 2018.
- 1.3 Fundargerð 858. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 23. mars 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.4 Fundargerð 43. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins 26. febr. 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.5 Fundargerð 140. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 19. mars 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.6 Bréf frá sveitarstjórn Fljótsdalshrepps um fjallskilasamþykkt Múlasýslna. Stjórn SSA óskar eftir því að sveitarfélög kalli til oddvita eða sveitarstjóra í starfshóp til að fara yfir fjallskilasamþykkt Múlasýslna og fái starfsmann MAST á Austurlandi til ráðgjafar. Verkefnastjóri mun kalla hópinn saman.
- 1.7 Erindi frá stjórn Húss handanna um endurfjármögnun Sölumiðstöðvar Húss handanna. Stjórn SSA leggur til að hlutafé Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands í Sölumiðstöð Húss handanna verði selt. Stjórn veitir verkefnastjóra umboð til að fara á aðalfund Húss handanna þann 16. apríl nk.

2. Áhersluverkefni 2018

Áhersluverkefni SSA voru lögð fram til kynningar og sagt var frá afgreiðslu stýrihóps stjórnarráðsins. Stýrihópurinn samþykkti öll áhersluverkefni sem lögð voru fram.

3. Samráðsvettvangur 2018

Tillaga um að samráðsvettvangur vegna endurskoðunar Sóknaráætlunar verði ekki kallaður saman í ár var lögð fram. Ástæðan er að samningur um Sóknaráætlanir rennur út 2019 og mun verða endurskoðaður fyrir þann tíma. Stjórn SSA samþykkti tillöguna.

4. Minningarsjóður Ragnhildar B. Metúsalemsdóttur og Stefáns Péturssonar.

Tillaga um að auglýsa eftir styrkjum vorið 2018 var lögð fram. Samþykkt var að fela verkefnisstjóra að auglýsa umsóknir.

5. Húsnæðismál

Erindi frá Vífli Karlssyni um söfnun upplýsinga um fasteignir og lóðir var lagt fram til kynningar.

6. Svæðisskipulag

Erindi frá verkefnastjóra svæðisskipulags um að skipulagsfulltrúar sveitarfélaga verði skipulagshönnuðir.

Stjórn SSA samþykkti að fela verkefnastjóra Svæðisskipulags Austurlands að ganga frá málinu þannig að skipulagsfulltrúar sveitarfélaganna verði gerðir að skipulagshönnuðum Svæðisskipulags Austurlands.

7. Almenningsamgöngur

7.1 Minnisblað starfshóps vegna úttektar á almenningsamgöngum á landsbyggðinni, minnisblað samráðshóps ríkisins og sveitarfélaga og viðræður við Vegagerð ríkisins voru lögð fram til kynningar. Stjórn SSA áréttar að sambandið er tilbúið til viðræðna við Vegagerð ríkisins og Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið um áframhaldandi umsjón verkefnisins svo fremi sem fjármagn sé tryggt.

7.2 SVAust: Staða verkefnisins. Upplýst var um stöðu verkefnisins.

8. Brothættar byggðir – Borgarfjörður

Drög að viðaukasamningi um verkefnið brothættar byggðir á Borgarfirði voru lögð fram. Stjórn SSA samþykkti drögin að viðbótarsamningnum.

9. Erindi frá samgöngunefnd SSA

Einar Már Sigurðarson formaður samgöngunefndar SSA mætti til að ræða áskorun samgöngunefndar til stjórnar SSA frá fundi 22. febrúar 2018 um að skipaður verði starfshópur með Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga sem vinni að framþróun hálendisvegur. Stjórn SSA telur ástæðu til að kanna möguleika á lagningu hálendisvegur norðan Vatnajökuls og ræða slíkar hugmyndir við stjórnvöld. Formanni SSA var falið að ræða við formann stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga um hvort vilji er þar fyrir málinu og stofnun starfshóps og kynna á næsta fundi stjórnar.

Bókunin er samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1 (Andrés Skúlason).

Fulltrúar Fjarðabyggðar, Jens Garðar Helgason og Eydís Ásbjörnsdóttir leggja fram svohljóðandi bókun: „Fulltrúar Fjarðabyggðar, Jens og Eydís, lýsa yfir miklum vilja til að viðkomandi starfshópur verði skipaður enda er lagning hálendisvegur mikið framfaramál fyrir Austfirðinga“.

Andrés Skúlason leggur fram svohljóðandi bókun: „Það er mat undirritaðs að áður en lengra er haldið í frekari umræðu um hálendisveg norðan Vatnajökuls sé fyrsta skrefið að stjórn SSA kalli eftir fundi við stjórnvöld og eftir atvikum með viðkomandi stofnunum. Undirritaður telur mikilvægt að stjórn SSA fái kynningu á því af hálfu stjórnvalda hvar skipulag á miðhálandi er statt og hvernig verði að því staðið með tilliti til þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, meðal annars með tilliti til vegalagninga og stjórnunar umferðar. Að afstöðnum fundi með stjórnvöldum telur undirritaður að stjórn SSA sé fyrst í stakk búin til að taka upplýsta ákvörðun um framhaldið, þar á meðal hvort stofnun umrædds starfshóps vegna þessa málefnis sé best til þess fallin að vinna að framgangi mála í



Þessum efnum. Undirritaður lítur svo á að um svo stórt skipulags- og umhverfismál sé að ræða að stjórn samtaka sveitarfélaga á svæðinu skuli vera með mál þetta í milliliðalausum samtali við stjórnvöld“.

10. Önnur mál.

- 10.1 Dagsetning aðalfundar SSA 2018.
Lagt var til að aðalfundur SSA 2018 verði haldinn 7.-8. september. Fljótsdalshérað býður heim að þessu sinni. Vinnufundur stjórnar SSA verður 17. ágúst á Seyðisfirði.
- 10.2 Stjórn SSA tekur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga í umsögn um frumvarp til laga um mannvirki (185. mál) dagsett 13. mars 2018 þar sem segir að faggilding aðila sem framkvæma opinbert eftirlit með mannvirkjum komi í veg fyrir samlegð og hagkvæma stjórnýslu einkum í smærri sveitarfélögum, störf munu flytjast frá dreifðari byggðum og valda tekjusamdrætti og auknum kostnaði.
- 10.3 Verkefnastjóri sagði frá vinnu sem Vífill Karlsson sinnir fyrir landshlutasamtökin og felast í gagnaupplýsingum og gerð skapalóns sem mun einfalda umsagnir um áhrif fjármálaáætlunar og einstaka landshluta.
- 10.4 Skarphéðinn Smári Þórhallsson verkefnisstjóri svæðisskipulags mun fara í fæðingarorlof 11. júní og taka síðasta mánuð orlofs síns. Í framhaldinu fer hann í sumarfrí.
- 10.5 Ársfundur Byggðastofnunar verður haldinn 25. apríl að Laugarbakka í Miðfirði. Samþykkt var að formaður og verkefnisstjóri fari á fundinn.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:00.

Andrés Skúlason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Hákon Hansson

Jens Garðar Helgason

Margrét Guðjónsdóttir

Sigrún Blöndal

Stefán Grímur Rafnsson